



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 30. ágúst 2006

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn að Brekkuhvammi 10 í Búðardal, 30. ágúst 2006.

Mættir: Erling, Viðar, Svala, Eyþór, Valberg og Þórður.

1. Landsþing LH verður haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006. Samþykkt að Þórður fari auk formanns og Sigurðar H. Jökulssonar því vegna fjölgunar félaga á Glaður nú rétt á 3 fulltrúum.
2. Undirbúningur árshátíðar gengur vel. Dagsetning verður tilkynnt fljótlega.
3. Skemmtinefndin er einnig að skipuleggja fjölskyldu-skemmtiferð 9. september.
4. Eyþór gerði grein fyrir því sem framkvæmt hefur verið við reiðvöllinn í sumar: vikurlagningu, þökulagningu og uppsetningu kaðla, einnig var rætt um vígslu vallarins og Bikarmótið sem þótti takast vel. Loks var minnst á Nesoddann og þátttöku Glaðs á Landsmóti og á Stórmóti með Húnavetningum. Valberg lagði til að gæðingakeppni félagsins verði færð fram um 2 vikur og verði um leið úrtaka fyrir Landsmót/Fjórðungsmót þau ár sem þau eru haldin. Vel var tekið í þetta en ekkert ákveðið.
5. Valberg falið að breyta skráningu dómhússins okkar, að afskrá það sem fasteign. Einnig að skoða hvort hagstætt sé að tryggja húsið.
6. Rætt um verðlaunapeninga félagsins. Íþróttanefndin skoðar það mál.
7. Samþykkt að þeir félagar sem nú þegar skulda félagsgjald fyrir 1 ár eða fl. fái senda orðsendingu með innheimtuseðli sem fljótlega verður sendur út. Í orðsendingunni verði hvatning til að greiða skuldina en einnig tilkynnt að verði skuldin ekki greidd megi viðkomandi búast við að verða strikaður út úr félaginu.

Fleira ekki gert,

Þórður Ingólfsson (sign)

Erling Kristinsson (sign)

Viðar Þór Ólafsson (sign)

Svala Svavarsdóttir (sign)

Valberg Sigfússon (sign)

Eyþór J. Gíslason (sign)